



Arna Björk
Kennir jóga í
óperunni í
Köben

VIÐTAL 22



**Kristín
Tómasdóttir**
Vill uppefja
stelpumeningu

BÆKUR 40

Evran og myntbandalög fyrri tíma
Sjálfstæðir þjóðargjaldmiðlar
eru seinni
tíma hug-
mynd



HEIMURINN 58

11.-13. nóvember 2011
45. tölublað 2. árgangur

HELGARBLAÐ

FRÉTTATÍMINN

ÓKEYPIS

→ VIÐTAL INGIBJÖRG ÓLAFSDÓTTIR OG VALDIMAR HJALTASON



„Hann er fullkominn“

SÍÐA 36

Hjónin Ingibjörg og Valdimar ættleiddu dreng með sérþarfir frá Kína í fyrra. Eysteinn Orri var tveggja og hálfis árs þegar hann kom til þeirra og er litur gullmólinn þeirra. Þau hafa þegar sótt um að ættleidda annað barn af lista yfir börn með sérþarfir frá Kína, lýðsviðsmar.

34 börn með sérþarfir ættleidd

Framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar segir að reynslan af ættleiðingum barna með sérþarfir frá Kína sé almennt góð.

Ails hafa 34 börn með skilgreindar sérþarfir verið ættleidd frá Kína hringað til lands frá árinu 2007. Þessi leið getur stýlt bið foreldra eftir barni um mörg ár. Eitt hundruð fjölskyldur á biðlista eftir barni til ættleiðingar. Fjögur hjón sem sóttu börn án sérþarfa í sumar höfðu bedið í fimm ár.

„Börn með skilgreindar sérþarfir hafa verið mjög stór partur þeirra barna sem komið hafa frá Kína síðastliðin ár,“ segir Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar. Hann sest mán- aðrarlega fyrir framan tölva að nóttu til,

ásamt starfsmanni Ættleiðingarfélagins, og skannar upplærða lista kvenverskra stjórnvalda yfir börn með sérþarfir.

„Fölluð börn er það fyrsta sem kemur upp í huga fólks þegar lalað er um börn með sérþarfir. Inni á listanum eru hins vegar börn sem eru jafnólik og þau eru mörg; börn með minniháttar sérþarfir sem og þau sem búa við meiri háttar fötlun. Þar finnast börn með skarð í vör, minniháttar hjartagalla, stóra fæðingarbletti og aðra þætti sem við hér á landi litum ekki á sem fötlun. Einnig eru þarna börn sem eru til þess að gera gömul, eða allt að fjórtán ára.“

Kristinn segir væntanlega foreldra barna með sérþarfir hitla Gest Pálsson barnalækni sem tekið hafi á móti öllum ættleiddum börnum til Íslands síðustu þrjátíu ár. Hann sest niður með þeim og útskýrir hvað felst í því að ættleidda börn með sérþarfir. Í kjölfarið veitir Sýslumadurinn í Búðardal leyfi til ættleiðingar, standist foreldrar könnun barnaverndaryfirvalda. „Reynslan af sérþarfa-listanum er almennt mjög góð eins og almennt er um ættleiðingar á Íslandi.“

gag@frettatimin.is

Sjá nánar síður 36 og 38



Dóri í Tempó

Fyrstur til að
koma nakinn fram

26 VIÐTAL

Arnaldur fær

★★★

„Að vanda er fléttan hjá Arnaldi vel hugsuð og bærilega unnin“

56



Sara Snædís

Notar skart til að lífga upp á útlitnið

TÍSKA 74

JL-húsinu Hringbraut 121

Við opnum kl:

Og lokum kl:

08 00 - 22 00

www.lyfogheilsa.is

Opnunartímar
08:00-22:00 virka daga
10:00-22:00 halgar

Lyf & heilsa
JL-húsinu

Fengu fullkominn dreng

Hjónin Ingibjörg og Valdimar ættleiddu tveggja og hálfis árs dreng frá Kína fyrir rúmu ári og nefndu hann Eysteinn Orra. Drengurinn var á lista yfir börn með sérþarfir til ættleiðingar. Hann er fullkominn, segir Ingibjörg í samtali við Gunnhildi Örnú Gunnarsdóttir. Þau hafa þegar ákveðið að ættleiða annað barn af listanum en 34 börn með sérþarfir hafa verið ættleidd til landsins síðustu fjögur ár.

Eftir nokkurra ára raunir, misheppnaðar tækni- og glasafíjövganir, í von um barn mætti Ingibjörg Ólafsdóttir með hnut í maga í vinnu sína á Reykjalundi um miðjan júní 2010. Hún vissi að þennan dag fengi hún hugsanlega simtal um að barn biði þeirra Valdimars Hjaltasonar, eiginmanns hennar, í Kína. Starfsmenn Íslenskrar ættleiðingar sátu alla nóttina og leituðu barna með skilgreindar sérþarfir á listum kinvverskra stjórnvalda eftir forskrifuð væntanlegra foreldra.

„Svo var hringt,“ segir hún. „Yfirmaður minn sagði að hann hefði viljað skulla mér heim um leið og ég fékk fréttirnar, en hann sá bara undir iljarnar á mér þar sem ég hjóþ í gegnum trjálandið beinustu leið heim. Ég gat ekki beðið eftir því að greina manninum mínum frá fréttunum,“ segir hún þar sem við sitjum við eldhúsbordið á heimili þeirra í Mosfellsbæ. Sonur þeirra Eysteinn Orri sótrrar heitt kakó við hlíð hennar. Hann varð þrjúgjá ára í byrjun maí. Ingibjörg lýsir því þegar hún vissi fyrst af Eysteini.

„Á fimm vikna fresti eða svo skoðar Íslensk ættleiðing uppferðan lista yfir kinvversk börn með sérþarfir. Ekki er hægt að búast við að barn fínist strax við fyrstu skoðun fyrir væntanlega foreldra, en þannig var það í okkar tilfalli. Kristín í Framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar hringdi í mig í vinnuna um klukkan ellefu og sagði mér frá upplýsingum um barn sem við gætum skoðað. Spennan og tilhlökkunin var mikil. Þegar við sáuum gögnin ákváðum við strax að barnið yrði okkar.“

Drengur heid þeirra í Kína

Fullkominn strakur, eins og Ingibjörg segir, heid þeirra í Kína. „Við fengum mynd af honum og gengum með hana á okkur og sýndum öllum. Þetta gerðist allt svo hratt hjá okkur. Umsókn okkar fór út í mars 2010, við fengum forsambýkki fyrir því að ættleiða barn með sérþarfir hér heima í lok maí og myndina af drengnum 22. júní sama ár. Ég fann að nánasta fólkid okkar óttaðist – eðlilega kannski – að ættleiðingin gengi ekki í gegn og að við yrðum fyrir vonbrigðum eins gerst hafði áður.“

Litli drengurinn var tveggja ára þegar þau fengu vitneskju um hann. Hann hafði verið vistaður á munaðarleysingahcimili í borginni Jinan í Shaodong-héraði. Það er í klukkustundar flugleið frá Peking, höfuðborg landsins. Hann hafði fundist hálfis árs gamall fyrir utan stofnun í borginni. „Í Kína geta foreldrar ekki gefið börn sín til ættleiðingar. Þau finnast því flest þar sem mannmörgðin er mikil; á torgum eða fyrir utan félagsmálastofnanir, vilji foreldrar þeirra að börnunum verði búin góð ævi,“ segir Ingibjörg.

„Á barnahcimilinu var aðbúnaðurinn eins góður og mögulegt er á svona stað. Þau voru fimm í herbergi og það virtist hafa verið hugsað vel um þau,“ segir Ingibjörg sem skoðaði heimilið með Valdimar og Eysteini tveimur dögum eftir að hafa fengið hann í hendur. „Heimsóknin var gífurlega erfitt. En jafnframt er mjög dýrmætt að hafa haft tækifæri til þess að heim-sækja það og sjá hvernig hann bjó. Á heimilinu voru börn allt upp í átján ára aldur, en þá býðst þeim að fara í háskóla. Ég get ekki metið hvort þau sækji í slíkt nám eða hafi fengið þá örvin sem þarf eða stuðning til þess,“ segir hún.

„Í þessari heimsókn virtist Eysteinn ekki vilja sjá eða heyrja af börnunum eða föstu unum sem þar voru. Hann kúrdi sig upp að okkur, en pabbi hans var með hann í þoka framan á sér. Hann hélt mjög fast í pabba sinn,“ segir hún áður en hún lýsir tilfinningarússibananum þegar hún fékk Eysteinn fyrst í hendurnar.

Fyrstu kynni erfitt

„Kinvverski farsjárstjórnin hringdi í okkur upp á hótélherbergi og sagði að þau væru á leiðinni upp. Svo bankaði hún. Eysteinn vildi náttúrulega elckert með okkur hafa. Þessi stund er hríkallega erfitt fyrir þessi litlu gey. Hann óskraði úr sér lungun í cinhverjar mínútur og sjálf grét ég tregafullum tárum, bæði af gleði en einnig meðaumkun því þetta er gífurlegt sjókk fyrir litlu skinninn sem vita ekki á þessari stundu hvað þau eru að fá, bara missa.“ Ingibjörg segir þau hjónin hafa talið sig nægilega undirbúin fyrir þetta augnabliki enda seði námskeið Íslenskrar ættleiðingar áður en þau fóru út og rætti við foreldra með reylnu af ættleiðingum.



Ingibjörg og Valdimar með gullið sitt, Eysteinn Orra. Mynd: Hugi



„Í Kína geta foreldrar ekki gefið börn sín til ættleiðingar. Þau finnast því flest þar sem mannmörgðin er mikil; á torgum eða fyrir utan félagsmálastofnanir, vilji foreldrar þeirra að börnunum verði búin góð ævi.“

„En það er ekki hægt að undirbúa sig fullkomlega fyrir slíka stund. Hún var hríkallega erfitt. En Eysteinn var fljótur að tengjast okkur, strax þennan fyrsta dag,“ segir hún. Það má líka sjá á myndböndum sem sýna drenginn kubbá hótélherberginu þennan fyrsta dag fjölskyldunnar, enda rétt tveggja og hálfis árs gamall.

„Hann var fyrsta klukkutímann í algjöru sjókk. En við gáfum honum að drekka og hann jafnaði sig. Við fengum klukkustund með honum og þurftum þá að fara í myndatöku. Það gekk flint, en þegar við komum aftur upp á hótélherbergi, klæddum við hann í léttari föt, því hann var allur sveitlur og þá fór hann að hlæja. Hann var glaður og náði að sofa na kvöldið og svaf í tólf tíma. Við sváfum hins vegar ekki mikið, enda hafði aðrenalínid flætt um æðarnar þennan dag,“ segir hún.

Sex vikna leikskólaaðlögun

„Gengið hefur vonum framur að tengjast Eysteini. Miklu betur en maður þorði að vona. Stundum afneita ættleidd börn öðru foreldrinu fyrst um sinn. Við vorum svo heppin að það varð ekki. Hann varð strax mjög háður okkur og passar upp á okkur. Hann hófur treyst á okkur og ekki sótt til annarra eftir hjálp. En aðvitað er það ferli sem við

vinnum í í mörg ár. Við sjáum það nú þegar hann ler á leikskóla að það er stutt í vantraustið. Hann óltast að við sækjum sig ekki. Hann var það stálþaður þegar við sóltum hann og við skynjum að hann man ýmislegt. Við sjáum að leikskólíoni minnir hann á barnahcimilið. Við þurftum því að segja honum að hann ætti ekki að sofa á leikskólunum, engin börn svæfu þar og að mamma og pabbi kæmu alltaf að sækja hann í lok dags.“ Þetta fékk Eysteinn Orra að heyrja dag hvern í þær sex vikur sem aðlögunin stóð yfir.

„Síðar komst ég að því að hann vildi vita allt um leikskólakennarana og vissi jafnvel hvernig bilum þær öku. Hann vildi vita allt áður en hann gat treyst umhverfinu og því að við kæmum að sækja hann.“

Ingibjörg og Valdimar hafa verið saman í níu ár. „Það var mikill létillir að ákveða að ættleiða barn, því þá vissum við að við myndum eignast barn, spurningin væri að eins hvort, en ekki hvort,“ segir hún. Þau hafa nú ákveðið að ættleiða aftur barn með sérþarfir frá Kína. Biðin er þeim auðveldari nú en áður, þótt Ingibjörg segi það sérstaka líflugsun að barnið sem þau fái vonandi í hendur á næsta ári sé að öllum líkindum þegar fætt.

Skráðu þig í netklúbbinn **VITA.is**

Kanarí í vetur

29. nóvember

Síðustu sætin!

Beint flug með Icelandair

Adress hjá VITA

Las Camélias - 21 nótt
29. nóv. - 20. des.

Verð frá **124.900 kr.***
og **15.000 Vildarpunkturar.**

Verðdemið er m.v. 21 þús. mfl. sverth.
*Verð án Vildarpunktra, 134.900 kr.
Innihald: Flug, Flugvillarskattur, gjalding og ífrísk farastíflin.

Flugsæti
Flug fram og til baka

Verð **72.900 kr.***
og **15.000 Vildarpunkturar.**

*Verð án Vildarpunktra 82.900 kr.
Innihald: Flug og Rúgvaltskattar.

Utvát gjöldandi í bank

VITA er lífið

VITA er Flug- og Væðingarskilyrði
ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsvegur 2 | Sími 570 4444 | VITA.is



Fyrir utan munnáhræfslingsjaheimilið í borginni Jinan, þar sem Eysteinn var frá sex mánaða til tveggja og hálfis árs aldur. Mynd: megalas

Minniháttar kvilli horfinn

„Það skiptir í raun engu máli hvaðan barnið er, en það einfaldar málin mikið séu þau bæði þaðan. Okkur langar að halda tengslunum við landið og líka finnst okkur mikilvægt að þau eigi sama uppruna og þannig meira samvinnulegt. Við teljum það mikinn kost,“ segir hún. „Svo erum við ánægð með ferlið úti og hér heima og viljum ekki breyta því. Við höfum líka tekið Kína inn á heimilið. Kína er landið sem er í fjölskyldunni og okkur þykir virkilega vænt um Kína og erum stolt af landi Eysteins Orra og þjóð.“

Ingibjörg og Valdimar vilja ekki segja hvað varð til þess að Eysteinn Orri lenti á lista yfir börn með sérþarfir. „Við merktum við þó nokkur atriði yfir minniháttar sérþarfir og ákváðum að halda því fyrir okkur hverjar þær voru. Kvillinn brjáur hann ekki í dag og mun ekki hrjá hann. Við erum svo heppin að hann er algjörlega fullkomin og að hér heima hefði hann aldrei þokkast sem barn með sérþarfir,“ segir Ingibjörg.

„Foreldrar vita aldrei hvornig barni reidir af eftir að það fæðist eða hvort eitthvað óvænt sé að. Sumt kemur strax fram. Annað seinnna. Eins er með ættleið börn, maður veit aldrei. Eg heiti því ekki áhyggjur af því að hann gæti haft aðra kvilla eða þarfir en nefndir voru í læknaskýrslum og líka ekki eina mínútu að fara sömu leið við ættleiðingu næsta barns.“

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir
gag@frettatiminn.is



Eysteinn Orri sýkuminn til foreldra sinna í Kína í október í fyrra. Mynd: þirskate

Um ættleiðingar

- Um 1.700 börn allt upp í fjórtán ára aldur eru á kinnverskum ættleiðingarlustum skráð með sérþarfir. Sum þeirra eru fjölfötluð en önnur með minniháttar sérþarfir.
- Kolumbía leyfir eins og Kína ættleiðingar á börnum með sérþarfir. Ein íslensk úsókn biður, en engin börn með sérþarfir hafa verið ættleidd þaðan og reyntan því engin.
- Árið 2009 voru 14 börn ættleidd til landsins og 18 í fyrra. Nú þegar hafa 14 fjölskyldur ættleitt og fjórar sem eru við það að fara út. Ein fór í gær, 10. nóvember, til Kína. Þau fá barnið í hendurnar á mánudaginn.
- Íslendingar geta ættleitt frá Kína, Indlandi, Kólumbíu, Makedóníu, Pólandi, Tékkland og Tógó.
- Einhleypir geta ættleitt börn með sérþarfir frá Kína, en einhleypir geta ættleitt frá öllum samstarfslöndum Íslenskrar ættleiðingar ef undan er skilin Makedónía.
- Frá upphafi hafa samtals 153 börn verið ættleidd frá Kína.
- Árið 2005 voru um 35 börn ættleidd til landsins en árið 2006 aðeins átta. Síðustu þrjú ár hafa hins vegar verið á annan tug verið ættleidd hvert ár. Árið 2009 voru þau fjórtán og átján í fyrra.
- Í ár er búið að ganga frá fjórtán ættleiðingum og von er á fjórum börnum í viðbót á árinu.

Tilboð



Betri rakstur á betra verði

WILKINSON
SWORD

Útsölastaðir: Lyfja, Lyf og heilsa, Hagkaup, Krónan-Lindum, Fjarðarkaup, Viðir, Kjarval, Apótekið og öll betri apótek um allt land.